



## Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 14. nóvember 2023

Fundur: 21. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

### Mætt:

**Aðalstjórn:** Auður Árnadóttir, ~~Bergþóra Guðjónsdóttir~~, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

**Varastjórn:** ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.~~

**Starfsmenn:** Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Fundur settur kl. 12.07.

### 1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Engar athugasemdir við fundarboðun. Engar fundargerðir lagðar fram til samþykktar. Frá síðasta fundi var boðun formannafundar FRÍ samþykkt.

### 2. Uppskeruhátíð 2023 og 75 ára afmæli fyrstu landskeppni FRÍ

Uppskeruhátíð FRÍ 2023 og 75 ára afmæli fyrstu landskeppni FRÍ verða haldin hátíðleg í Laugardal þann 30. nóvember næstkomandi. Afmælishátíðin hefst klukkan 16.30 og uppskeruhátíð klukkan 18.00. FÓ leggur til að sögulegt meistaramótstal verði gefið út af þessu tilefni. GK skoðar hvernig best væri að gefa út, á pappír eða á vefsíðu. Einnig er stefnt að því að birta yfirlit yfir alþjóðleg mót sem FRÍ hefur tekið þátt í hingað til.

FÓ ræddi fyrirkomulag og útfærslu Öbbunnar, verðlauna fyrir frjálsíþróttakraft ársins sem úthlutað verður í minningu Aðalbjargar Hafsteinsdóttur. Lagt til að Albert Magnússon hljóti fyrstu Öbbuna. Einnig lagt til að Landslið Íslands í utanvegahlaupum og NM U20 landslið hljóti viðurkenningu sem frjálsíþróttahópur ársins, og að nefnd ársins verði unglínganefnd. Máli frestað.

### 3. NM í Víðavangshlaupum, uppgjör

GK kynnti drög að uppgjori fyrir NM í víðavangshlaupum. Samkvæmt drögnum kemur mótið út í lítilsháttar hagnaði.

### 4. Fjárhagsmál

AÁ kynnti uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2023, sem og útkomuspá fyrir árið. Samkvæmt útkomuspá verða tekjur FRÍ 5,8 mkr yfir áætlun ársins en gjöld 9,2 mkr yfir áætlun. EBITDA verður neikvæð um 6,3 mkr, sem er 3,5 mkr undir áætlun.

AÁ kynnti líka fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Samkvæmt henni munu tekjur, gjöld og EBITDA breytast lítið á milli ára. Stjórn sammála um að finna þurfi leiðir til að koma rekstri á réttan kjöl, þ.e. að ekki verði tap af rekstri. Samstaða er um að hagræða í ferðum, leggja áherslu á að auka styrki frá fyrirtækjum og hækka gjaldskrá í samræmi við almennar verðhækkningar.

GK kynnti tillögu að afreksúthlutun stuttlega en máli frestað. (*Samþykkt í tölvupósti nokkrum dögum síðar*).

## 5. Önnur mál

- Stjórn FRÍ þakkar hreyfingunni og skrifstofu fyrir vel unnin störf í tengslum við Norðurlandamót í víðavangshlaupum.

Fundi slitið klukkan 13.12.

*Fylgiskjöl:*

- *Uppgjör janúar til september 2023*
- *Útkomuspá fyrir árið 2023*
- *Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024*
- *Tillaga að afreksúthlutun*